

 <p>VINNUEFTIRLITID</p>	<p><b>Vélar og tæknilegur búnaður</b> Nýrri vélar - frá 1997 og síðar</p> <p><b>Vinnuumhverfisvísir</b></p>	<p>Nr. skjals: VSÁFE02 Útgáfunr.: 2 Dags: 12.2. 2010 Höf.: HH Ábyrgðarm.: HH Bls. 3</p>
--	---	---

## Vélar framleiddar 1997 og síðar og notkun þeirra á vinnustöðum.

Gildir um vélar og búnað framleiddan 1997 og síðar sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um og notkun þessa búnaðar á vinnustöðum. Gildir jafnframt um búnað til einkanota sé ekki fjallað um hann í öðrum lögum eða reglugerðum. Sjá reglugerð. nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað og reglugerð. nr. 367/2006 um notkun tækja.

*Varðandi eldri vélar, framleiddar 1996 og fyrr, er bent á vinnuumhverfisvísi fyrir eldri vélbúnað sem byggir á reglum um öryggisbúnað véla nr. 492/1987 og reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006.*

Efnisþáttur – atriði	Viðmið - athugasemdir	Mat: V: Í lagi X: Ekki í lagi 0: Á ekki við	Tilvísun í reglugerðir:
1. Markaðssetning	Heimilt er að markaðssetja búnað sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 1005/2009.		Rg-1005/2009, II. kafli, gr. 3-10.
2. Undanþágur vegna vörusýninga	Sýna má búnað m.a. á kaupstefnum og vörusýningum þó hann uppfylli ekki ákvæði reglugerðarinnar enda sé það tekið fram.		Rg-1005/2009, 5. gr.
3. Skilyrði og staðlar	Vél sem einkennd er með CE-merki og henni fylgir EB-samræmisfirlýsing* telst fullnægja ákvæðum reglugerðarinnar. Þegar vél hefur verið framleidd í samræmi við samræmdan staðal skal ganga út frá því að vélin uppfylli viðeigandi grunnkröfur.		Rg-1005/2009, II. kafli og I. og II. viðauki. *Sjá dæmi um samræmisfirlýsingu hér að neðan.
4. Samræmisfirlýsing, CE-merking og tækniskjöl	Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal m.a. semja EB-samræmisfirlýsingu, sjá til þess að vélin verði einkennd með CE-merki og taka saman tækniskjölin.		Rg-1005/2009, 7. gr. og 13. gr.
5. Tilkyntir aðilar	Faggildingarsvið Einkaleyfastofu annast mat á þeim aðilum sem óska eftir að sjá um samræmismat. Þeir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru fram í XI. viðauka um tilkynta aðila.		Rg-1005/2009, 11. gr.
6. Áhættumat	Við hönnun og framleiðslu búnaðar skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans sjá til þess að unnið sé áhættumat fyrir búnaðinn (búnaður framleiddur 2010 og síðar). Leiðbeiningar byggðar á áhættumati skulu fylgja vélinni. Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé áhættumat á vinnustaðnum þar sem búnaðurinn er notaður.		Rg-1005/2009, 6.-7. gr. og I. viðauki. Rg-367/2006, 4. gr. Rg-920/2006
7. Skilyrði um öryggi	Búnaður skal fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem tilgreindar eru í I. viðauka reglug. nr. 1005/2009. Annars er markaðssetning óheimil. Atvinnurekandi skal tryggja að búnaðurinn hæfi því verki sem inna skal af hendi þannig að öryggi og heilsu sé ekki hætta búin.		Rg-1005/2009, 4. gr.  Rg-367/2006, 5. gr.

8. Sérstök áhætta	Þegar ekki er að fullu hægt að tryggja að starfsmenn geti notað tæki án áhættu skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr henni eins og kostur er. Þegar líkur eru á að notkun tækis hafi í för með sér sérstaka áhættu fyrir öryggi eða heilsu skal atvinnurekandi tryggja að notkun tækis, sé einungis á hendi starfsmanna sem falin hefur verið notkun þess og hlotið hafa viðeigandi þjálfun. Umhirða og viðhald sé á hendi þeirra starfsmanna sem sérstaklega eru þjálfaðir til þess.		Rg-367/2006, 5. og 6. gr.  Rg-920/2006, 25. gr.
9. Skriflegar leiðbeiningar og þjálfun starfsmanna	Öllum vélum skulu fylgja leiðbeiningar á íslensku þegar þær eru settar á markað eða teknar í notkun hér á landi. Atvinnurekandi skal veita nauðsynlegar upplýsingar um notkun tækja og sjá til þess að starfsmenn fái kennslu og þjálfun til að geta sinnt sínum störfum þannig að ekki stafi hættu af.		Rg-1005/2009, viðauki 1, 1.7.3. Rg-367/2006, 7. og 8. gr. Rg-920/2006, 25. gr.
10. Aldurstakmarkanir	Ungmenni undir 18 ára aldri mega m.a. ekki vinna við hættulegar vélar.		Rg-426/1999 um vinnu barna og unglinga. VIÐAUKI 1A
11. Innra eftirlit fyrirtækis með tækjum og búnaði	Atvinnurekandi skal þegar við á sjá til þess að tæki séu skoðuð eftir uppsetningu. Jafnframt skulu gerðar reglulegar skoðanir og prófanir til að tryggja öryggi við notkun þeirra auk skoðana eftir slys, óhöpp og breytingar. Skoðanirnar skulu framkvæmdar af aðila sem hefur til þess næga þekkingu. Halda skal skrá um innra eftirlit með tækjabúnaði.		Rg-367/2006, 10. gr.
12. Vara ranglega viðurkennd, bann við markaðssetningu og/eða notkun	Komist Vinnueftirlitið að því að vél sem fellur undir gildissvið reglnanna hafi verið ranglega einkennd með CE-merki eða henni fylgir ranglega EB-samræmisyfirlýsing, ber framleiðanda skylda til að sjá til þess varan samræmist ákvæðum reglnanna um CE-merkið og EB-samræmisyfirlýsinguna. Að öðrum kosti er Vinnueftirlitinu heimilt að banna markaðssetningu og notkun þeirrar vöru eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku og skal það tilkynnt félags- og tryggingamálaráðuneytinu.		Rg-1005/2009, 14. og 15. gr.

**Sjá nánar varðandi kröfur til véla og tækjabúnaðar í viðaukum ofangreindra reglugerða nr. 1005/2009 og 367/2006.**

SÝNISHORN**EB-SAMRÆMISYFIRLÝSING FYRIR VÉL****A. Framleiðandi:**\_\_\_\_\_  
Nafn fyrirtækis\_\_\_\_\_  
Heimilisfang\_\_\_\_\_  
Sími**Fulltrúi:**(útfyllist aðeins ef  
fulltrúa er að finna  
innan EES)\_\_\_\_\_  
Nafn\_\_\_\_\_  
Heimilisfang\_\_\_\_\_  
Sími

lýsir hér með yfir að

**B. Vél:**\_\_\_\_\_  
Heiti\_\_\_\_\_  
Gerð/raðnúmer/árgerð

- a) ER FRAMLEIDD Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI Í TILSKIPUN NR. 2006/42/EB UM SAMRÆMINGU LAGA AÐILDARRÍKJANNA UM VÉLAR MEÐ SÉRSTAKRI TILVÍSUN Í I.VIÐAUKA TILSKIPUNARINNAR UM GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI Í TENGLUM VIÐ HÖNNUN OG SMÍÐI VÉLA, SBR. REGLUGERÐ NR. 1005/2009 UM VÉLAR OG TÆKNILEGAN BÚNAÐ.
- b) ER FRAMLEIDD Í SAMRÆMI VIÐ EFTIRFARANDI SAMRÆMDA STAÐLA:
- c) ER FRAMLEIDD Í SAMRÆMI VIÐ EFTIRFARANDI AÐRA STAÐLA OG/EÐA TÆKNIFORSKRIFTIR:

**C. Undirritun:**\_\_\_\_\_  
Nafn\_\_\_\_\_  
Nafn fyrirtækis\_\_\_\_\_  
Undirskrift\_\_\_\_\_  
Dagsetning